

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda og staðsetningu Airbnb.

Á fundi borgarráðs 25. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir yfirlit yfir fjölda og staðsetningu þeirra sem hafa verið að reka Airbnb íbúðir til útleigu?

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald kemur fram að lögin taka til sölu á gistingu. Gististaðir eru staðir þar sem boðin er gisting að hámarki í 30 daga samfleytt í senn gegn endurgjaldi, svo sem á hótélum, gistiheimilum, í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Heimagisting er gisting gegn endurgjaldi á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Fjöldi útleigðra daga í báðum eignum samanlagt skal ekki fara yfir 90 daga á hverju almanaksári eða samanlagðar tekjur af leigu eignanna skulu ekki nema hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Flokkur II samkvæmt flokkun gististaða í lögnum er gististaður án veitinga og Flokkur I er heimagisting en gera má ráð fyrir því að stór hluti þeirra eigna sem boðinn er í gegnum miðlaþjónustuna Airbnb falli eða eigi að falla undir þá flokka. Vert er þó að taka það fram að það er ekkert því til fyrirstöðu að bæði hótél og gistiheimili bjóði þjónustu sína á umræddri miðlarasíðu.

Sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir gistiflokka II–IV skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda. Í rekstrarleyfi getur falist leyfi til sölu gistingar og veitinga. Rekstrarleyfið skal tilgreina þann flokk og þá tegund staðar sem starfsemi fellur undir og leyfi fæst fyrir. Leyfishafi skal hafa leyfisbréf til leyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögum þessum sýnilegt fyrir viðskiptavinum þar sem leyfisskyld starfsemi fer fram.

Leyfisveitandi í Reykjavík er sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Hann leitar umsagna m.a. Reykjavíkurborgar sem ber að staðfesta eftirfarandi atriði:

- a. að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
- b. að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,

- c. að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
- d. að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
- e. að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.

Yfirlit yfir skráðar heimagistingar er birt á vef sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt yfirliti á <https://www.syslumenn.is/skradar-heimagistingar> eru 292 skráðar heimagistingar í Reykjavík. Yfirlit yfir útgefin rekstrarleyfi vegna gististaða í Reykjavík er jafnframt að finna á vef sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu <https://www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/veitinga-og-gististadir/>. Þar er ekki unnt að kalla fram heildarfjölda gildandi leyfa á auðveldan hátt en unnt er að skoða gildandi rekstrarleyfi efir flokkum og póstnúmerum. Vísað er til þessara opinbera gagnasafna leyfisveitandans sem svar við fyrirspurninni er vakin er athygli á því að ómögulegt er segja til um það hvort allar þessar eignir eru boðnar til afnota á ákveðnum miðlarasíðum á ákveðnum tíma. Öruggar tölur um framboð á gistihúsnæði þar sem hvorki hefur verið sótt um rekstrarleyfi né heimagisting skráð eru ekki til hjá opinberum aðilum en varðandi það er vísað til hjálagðrar umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs um tillögu þeirra sem lögð fram fram í skipulags- og samgönguráði í september sl. en til grundvallar því svári var greining skrifstofu borgarstjórnar á **áætlaðum** heildarfjölda íbúða í ferðamannagistingu eftir hverfum og borgarhlutum.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 10.09.18.